

2007

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 123 og  
133/1992.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Garðari Garðarssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

og **Herði Karlssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málum þessum til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum 17. febrúar sl. og 17. mars sl. að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu. Málin hafa verið sameinuð.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða, og verða því hinir áfrýjuðu dómur staðfestir, að því er varðar sök ákærðu, Garðars og Harðar. Þá verður staðfest ákvörðun refsingar í báðum dómunum, og leggst því refsing ákærða Garðars Garðarssonar í dómi frá 25. febrúar sl. við refsingu hans samkvæmt dómi frá 13. desember 1991. Loks þykir mega staðfesta dóm héraðsdóms frá 13. desember 1991 um skaðabætur, enda er ekki annað komið fram en bótakröfum sé í hóf stillt.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur frá 13. desember 1991 varðandi ákærðu, Garðar Garðarsson og Hörð Karlsson, skal vera óraskaður, og hinn áfrýjaði dómur frá 25. febrúar 1992 varðandi ákærða Garðar Garðarsson skal einnig vera óraskaður.

Ákærði Garðar Garðarsson greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Hörður Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. desember 1991.**

Ár 1991, föstudaginn 13. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 680-683/1991: Ákærvaldið gegn Garðari Garðarssyni, Herði Karlssyni, X og Y, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. október sl., á hendur Garðari Garðarssyni, Stangarholti 26, kt. 100165-4499, Herði Karlssyni, Völvufelli 46, kt. 150764-2389, X[...]og Y [...], öllum til heimilis í Reykjavík, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í Reykjavík í ágúst 1991:

I. Á hendur ákærðu Garðari og Herði fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot aðfaranótt fimmtudagsins 29. ágúst:

1.

Fyrir að brjótast inn í skrifstofur Lögfræðiskrifstofunnar sf., Garðastræti 17, og stela þremur tékkum, samtals að fjárhæð 300.000 kr., skjalatösku, áfengisflösku og reyna jafnframt án árangurs að rjúfa þar peningaskáp.

2.

Brjótast inn í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5, og stela miklu af skartgripum, að verðmæti samtals 1.762.040 kr., útstillingarstöndum, 14 g af hvítagulli, 22 g af gulli og tölvuvog.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærða Y er gefin að sök hylming með því að hafa í framhaldi af ofangreindu innbroti í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar tekið við hjá ákærða Herði 30 hringum, perlum og gullstönginni af þýfinu úr innbrotinu, þrátt fyrir það að hann vissi, hvernig ákærði Hörður var að hlutunum kominn.

III. Ákærða X er gefin að sök hylming með því að hafa að morgni föstudagsins 30. ágúst tekið við öllu þýfinu, sem tilgreint er í síðasta ákærulið, nema fimm hringum til geymslu frá ákærða Y, þrátt fyrir það að ákærði X vissi, að um þýfi var að ræða.

Telst háttsemin skv. liðum II og III varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

### *Málsatvik.*

#### I.1.

Ákærði Hörður Karlsson var yfirheyrður fyrir dómnum 6. nóvember sl. Ákærði kvaðst ekki hafa brotist inn í Lögfræðiskrifstofuna sf., Garðastræti 17, Reykjavík, og kvaðst ekki heldur hafa stolið þeim þremur tékkum, skjalatösku og áfengisflösku, er ákært er út af. Ákærði kvað meðákærða Garðar Garðarsson hafa komið á heimili sitt, að því er ákærði taldi, um kl. 3 aðfaranótt 29. ágúst sl. og beðið sig að koma með sér vestur í bæ. Ákærði kvað báða ákærðu hafa haldið á reiðhjólum að Garðastræti 17, og er þangað hafi verið komið, hafi útidyrhurð verið ólæst, en henni hafi verið hallað aftur. Ákærði kvað báða ákærðu hafa farið inn í húsnæðið, og er þangað hafi verið komið, hafi allt verið þar á rúí og stúi. Ákærði kvað meðákærða Garðar hafa greint sér frá því, að hann hefði fyrr um nóttina brotist þarna inn. Ákærði kvað tvo peningaskápa hafa verið inni í húsnæðinu, og kvaðst ákærði hafa reynt að opna hringlaga hurð með því að snúa skífu þar á, en án árangurs. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því, að reynt hafi verið að spenna hurðina upp með klaufjárnri, en ákærði hafði áður borið á þann veg hjá lögreglu. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því, að hægt hafi verið að koma klaufjárninu að, vegna þess að skápurinn hefði verið alveg sléttur. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt neitt um það, hvort reynt hefði verið að spenna hurðina upp áður, en hins vegar hefði skápurinn verið stórskemmdur, er ákærði kom á vettvang. Ákærði kvaðst ekkert hafa haft í fórum sínum, er hann hvarf af vettvangi, og kvað báða hafa haldið hjólandi upp Laugaveg.

Ákærði Hörður staðfesti fyrir dómnum 6. nóvember sl. lögregluskýrslu, er tekin var af honum 4. september sl. Hann kvaðst hafa spurt meðákærða Garðar að því, er þeir komu að Garðastræti 17, hvort meðákærði ætlaði virkilega að „reyna við þetta hús“, en í því voru íbúðir og annað. Ákærði Hörður kvað meðákærða hafa sagt, að það væri ekkert að reyna, hann væri þegar búinn að opna allt húsið, eins og það legði sig. Ákærði lýsti því síðan, að búíð hefði verið að róta í öllu þarna inni og opna neðri hluta

dökkgræns peningaskáps, og efri hluti hans hefði verið illa farinn. Ákærði kvað meðákærða Garðar hafa verið með stórt, blátt klaufjárn, stórt skrúfjárn og lítinn hamar, og hefðu þeir í sameiningu reynt að spenna upp skápinn, en gefist upp. Ákærði kvaðst ekkert hafa tekið þarna í húsinu og ekki hafa séð meðákærða taka neitt heldur, en hafi hann gert það, hafi hann örugglega haft nægan tíma til þess áður.

Ákærði Garðar kom fyrir dóminn sama dag og kvaðst ekki hafa brotist inn, svo sem hér er ákært út af. Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða Hörð á heimili hans um kl. 23.00 að kvöldi 28. ágúst sl. Ákærði kvað Guðbjörgu Ingu Guðjónsdóttur einnig hafa verið á heimilinu, en ákærði kvaðst ekkert hafa rætt við hana. Ákærði kvaðst hafa dvalist stutt á heimili meðákærða og kvaðst ekki muna, hvort hann hefði síðar um kvöldið farið til Keflavíkur til Hafðisar Friðriksdóttur. Ákærði vísaði framburði meðákærða Harðar á bug og kvað hann rangan, hvað varðaði þessa meintu háttsemi.

Vitnið Kristján Hallgrímur Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður, Fifumýri 6, Garðabæ, kom fyrir dóminn 27. nóvember sl. Kristján staðfesti skýrslu sína frá 30. september sl., þar sem borið var saman verkfærafar á skífu úr öryggisskáp á Lögfræðiskrifstofunni sf., Garðastræti 17, við klaufjárn það, er fannst við húsleit í bílskúr við Stangarholt 26 4. september sl. Vitnið tók fram í skýrslu sinni, að fullkomin samsvörun rispna myndist aldrei við slíkan samanburð og að ekki væri til regla um það, hvenær samsvörun rispna teldist vera um að ræða. Kristján segir í niðurlagi skýrslu sinnar, að ákvörðun um samsvörun byggðist á mati rannsakandans. Í niðurstöðunni segir, að samanburðarrannsóknin hafi leitt til þeirrar niðurstöðu, að klaufjárnið hafi verið notað við tilraun til þess að brjóta upp hurð öryggisskápsins.

## I.2.

Ákærði Hörður bar fyrir dómnum 6. nóvember sl., að þeir meðákærðu Garðar hefðu hjólað frá Garðastræti 17 og upp Laugaveg og stansað við hús Landsbankans við Laugaveg 7. Ákærði kvað meðákærða Garðar þar hafa skroppið á bak við húsið nr. 5 og komið aftur skömmu síðar og greint frá því, að hann hefði séð dyr þar baka til, og ákærðu þá ákveðið að reyna að brjótast þar inn og í framhaldi þar af spennt hurðina upp með klaufjárni. Ákærði kvað ákærðu síðan hafa spennt upp aðra hurð, er inn var komið. Ákærði kvað síðan báða hafa látið greipar sópa inni í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar og ákærði tekið hringi með perlum og skyrtuhnappa, að því er ákærða minnti. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið aðra muni í versluninni en þá, er ákærði síðar afhenti meðákærða Y, svo og þá muni, er ákærði vísaði lögreglunni á og geymdir voru í bifreið við Bleikargróf. Ákærði kvað alla muni, er hann stal á vettvangi, hafa komist

til skila. Ákærði kvaðst ekkert vita um útstillingarstanda, er í ákæru greinir, eða þau 14 g af hvítagulli, 22 g af gulli og tölvuvog og ekkert vita, hvort meðákærði hefði tekið þessa muni á vettvangi. Ákærði kvaðst ekki vita, hvaða muni meðákærði tók inni í versluninni, en ákærðu hefðu verið þar sinn í hvoru lagi. Strax og út úr versluninni hafi verið komið, kveðst ákærði hafa haldið heim á leið og þar hitt fyrir meðákærða Y. Ákærði kvaðst hafa tínt saman þá muni, er hann hafði stolið í skartgripaversluninni, og afhent meðákærða Y allt þýfið. Ákærði kvað þá meðákærðu Y hafa haldið heiman frá ákærða og í átt að Laugavegi 5 og þeir þá hitt meðákærða Garðar nærri Vinnufatabúðinni og þeir ákveðið að fara saman aftur í skartgripaverslunina í því skyni að athuga, hvort þar væri eitthvað meira að hafa. Ákærði kvað meðákærðu Garðar og Y hafa haldið inn í verslunina, en ákærði kvaðst hafa tínt upp tómar öskjur undir skartgripi, er ákærði fann fyrir utan bakdyr verslunarinnar, og síðan fleygt mununum í ruslatunnu þar á bak við. Ákærði kvað þá hafa staðið stutt við í síðari ferðinni, og hefðu þeir meðákærðu Y haldið á heimili ákærða og meðákærði Y haldið á brott þaðan skömmu síðar. Ákærði kvaðst ekki vita, hvað meðákærði Garðar hefði tekið inni í versluninni, en kvaðst vita til þess, að hann hefði geymt öskjur undir skartgripi í töskum á reiðhjól sínu, og hefði meðákærði Garðar geymt reiðhjól við ljósastaur nærri Vinnufatabúðinni við Hverfisgötu, meðan farið var inn í skartgripaverslunina í síðara skiptið. Ákærði kvaðst hafa séð meðákærða Garðar setja öskjurnar í reiðhjólátöskurnar, er ákærðu voru inni í versluninni í fyrra skiptið. Ákærði kvaðst telja, að ferðirnar í skartgripaverslunina hefðu verið farnar milli kl. hálf fimm og sex að morgni 29. ágúst sl. Ákærði kvaðst hafa snúið lykli í afgreiðslukassa inni í versluninni í síðara skiptið, er ákærði var þar, og við það hefði strimill komið úr kassanum. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort síðari ferðin í verslunina hefði meðfram verið farin til að afmá hugsanleg fingraför, en kvaðst telja, að hún hefði aðallega verið farin til að fjarlægja skartgripaöskjurnar, svo sem að framan er lýst.

Ákærði kvað Guðbjörgu Ingu Guðjónsdóttur, er leigði með ákærða á þessum tíma að Klapparstíg 26, hafa greint sér frá því, að meðákærði Garðar hefði komið í heimsókn aðfaranótt 29. ágúst sl. og beðið sig um þau skilaboð til ákærða, að hann biði eftir ákærða Garðari.

Ákærði Hörður staðfesti fyrir dómnum lögregluskýrslu, er tekin var af ákærða 4. september sl. Ákærði Hörður kvað meðákærða Garðar hafa haft meðferðis tvær bláar reiðhjólátöskur, er þeir fóru inn í skartgripaverslunina í fyrra skiptið. Ákærði Hörður kvað ákærðu hafa sett alla munina, er þeir stálu, í töskurnar, uns þær voru fullar. Ákærði Hörður bar í aðalatriðum efnislega á sama veg fyrir dómnum og hann hafði áður gert hjá lögreglu.

Ákærði Garðar Garðarsson kom fyrir dóminn 6. nóvember sl. og vísaði

Þessum ákærulið á bug og kvaðst ekki hafa brotist inn, svo sem í ákæru greinir. Ákærði kvað allan framburð meðákærðu rangan um hlut ákærða í þessu innbroti. Ákærði var spurður um muni þá, er fundust við húsleit í bílskúr við Stangarholt 26, þar sem er heimili ákærða. Við leit í bílskúrnum 3. september sl. fannst m. a. tölvuvog sú, er stolið var úr skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, og tvær bláar, samfastar reiðhjólátöskur. Við leit í bílskúrnum daginn eftir, þ. e. 4. september sl., fundust m. a. tvær öskjur undir skartgripi, merktar skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, brúnt plastbox með loki, blátt, notað klaufjárn og fjögur grá spjöld úr öskjum undir skartgripi. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð tölvuvogina áður, en kvað Jens Sigurðsson hafa boðið sér til kaups sams konar eða svipaða tölvuvog helgina fyrir handtöku ákærða. Munina undir skartgripi kvaðst ákærði aldrei hafa séð áður og enga hugmynd hafa um það, hver hefði komið muninum fyrir í ruslakassa í bílskúrnum, nema vera kynni Jens Sigurðsson, en ákærði kvað hann oft hafa sést við bílskúrinn, eftir að ákærði var handtekinn. Ákærði kvað fjóra menn hafa lykлавöld að bílskúrnum við Stangarholt 26, þ. e. auk ákærða séu það þeir Garðar Ólafsson, faðir ákærða, Magnús, bróðir ákærða, og Jón Ólafsson, föðurbróðir ákærða.

Ákærða var kynntur framburður Guðbjargar Ingu Guðjónsdóttur hjá lögreglu þess efnis, að ákærði hefði komið á heimili meðákærða Harðar aðfaranótt 29. ágúst sl. og spurt eftir meðákærða Herði, sem hefði ekki verið við, en beðið Guðbjörgu fyrir skilaboð, og ákærði sagst mundu koma nokkrum mínútum síðar. Ákærði kvaðst telja framburð Guðbjargar rangan og ekki muna eftir þessu.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. nóvember sl. Ákærða var nú sýnt klaufjárn það, er lögregla fann við húsleitina í bílskúrnum við Stangarholt 26. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð klaufjárn þetta áður. Ákærði kvaðst muna eftir ljósbláu klaufjárninu í bílskúrnum, en það hefði verið mun minna en klaufjárninu, er lögreglan lagði hald á í bílskúrnum.

Vitnið Garðar Ólafsson sölumaður, Hraunbæ 45, Reykjavík, kom fyrir dóminn 21. nóvember sl. Garðar kvaðst hafa haft aðgang að bílskúrnum við Stangarholt 26, allt frá því að hann hefði byggt skúrinn fyrir rúmum tuttugu árum. Garðar kvað Jón, bróður sinn, og son sinn, ákærða Garðar, hafa haft aðgang að skúrnum í ágúst sl. Garðar kvaðst ekki hafa hugmynd um það, hver væri eigandi klaufjárnsins, er fannst við leit í skúrnum 4. september sl. Garðar kvaðst aldrei hafa séð áður aðra muni, er fundust við leit í bílskúrnum. Garðar kvaðst tvisvar hafa hitt Jens Sigurðsson við bílskúrinn við Stangarholt 26 og í bæði skiptin í september sl., er ákærði Garðar hefði sætt gæsluvarðhaldi, og kvaðst hann hafa rætt við rannsóknarlögreglumennina Benedikt H. Benediktsson og Óskar Þór Sigurðsson

vegna þessa. Garðar kvaðst ekkert vita um ferðir Garðars, sonar síns, aðfaranótt 29. ágúst sl.

Vitnið Jón Ólafsson verslunarmaður, Hraunbæ 65, Reykjavík, kom fyrir dóminn 21. nóvember sl. Jón kvaðst hafa haft aðgang að bílskúrnum við Stangarholt 26 fyrir mörgum árum, en ekki haft aðgang að skúrnum í ágúst sl. Jón kvaðst vita til þess, að auðvelt væri að opna bílskúrinn án þess að nota réttan lykil, þar sem læsing hefði verið léleg. Jón kannaðist ekki við klaufjárn það, er fannst í bílskúrnum við framangreinda leit. Jón kvaðst ekkert umgangast ákærða Garðar og ekkert vita um ferðir hans aðfaranótt 29. ágúst sl.

Vitnið Magnús Garðarsson sölumaður, Víkurási 6, Reykjavík, kom fyrir dóminn 21. nóvember sl. Magnús kvaðst hafa haft aðgang að bílskúrnum við Stangarholt 26 ásamt ákærða Garðari, sem er bróðir vitnisins, föður sínum og Jóni, föðurbróður sínum. Magnús kvað auðvelt hafa verið að komast inn í skúrinn, þar sem læsing hefði verið léleg. Magnús var viðstaddur leit í bílskúrnum að Stangarholti 26 4. september sl., er öskjur undir skartgripi fundust þar auk klaufjárns o. fl. Magnús kvaðst ekki vita, hver væri eigandi munanna. Ekki kvaðst hann heldur vita, hver væri eigandi tölvuvogarinnar, er fannst í bílskúrnum. Magnús kvaðst ekkert vita um ferðir ákærða Garðars aðfaranótt 29. ágúst sl.

Fram kemur í gögnum málsins og m. a. í framburði ákærða Garðars, sem mundi ekki, hvort hann hefði haldið til Keflavíkur að kvöldi 28. ágúst sl. og gíst í Keflavík þá um nóttina, að ákærði Garðar dvaldist á tímabili í Keflavík hjá kunningjakonu sinni, Hafdís Ben Friðriksdóttur, starfsstúlku Flugleiða, Heiðarhvammi 4, Keflavík. Vitnið Hafdís var yfirheyrð fyrir dómnum 21. nóvember sl. Hafdís kvað ákærða Garðar hafa gíst á heimili sínu oft sl. sumar. Hafdís kvaðst hafa búið í foreldrahúsum, en hafa fengið íbúð sína afhenta sunnudaginn 24. ágúst sl. Hafdís kvaðst muna eftir því, að ákærði Garðar hefði aðstoðað sig við standsetningu íbúðarinnar á mánudegi og þriðjudegi eftir afhendingu íbúðarinnar. Hafdís kvaðst hafa rætt við ákærða Garðar símleiðis 28. ágúst sl., en ekkert vita, hvar ákærði Garðar var að kvöldi þess dags eða aðfaranótt fimmtudagsins 29. ágúst.

Vitnið Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir, atvinnuleysingi, Laugavegi 134, Reykjavík, kom fyrir dóminn 27. nóvember sl. Guðbjörg, sem var unnusta ákærða Harðar í ágúst sl., kvaðst muna eftir því, að eitthvert fólk hefði komið í heimsókn að Klapparstíg 26 að kvöldi 28. ágúst sl. Guðbjörg kvaðst muna eftir ákærða Garðari þar í heimsókn, en kvaðst ekki muna, klukkan hvað hann var þar, en Guðbjörg hafði borið hjá lögreglu, að ákærði Garðar hefði komið í heimsókn skömmu áður en Guðbjörg sofnaði, en það hefði verið um kl. 2.00. Guðbjörg kvað ákærða Hörð ekki hafa

verið heima, er ákærði Garðar kom í heimsókn, og kvað Guðbjörg sig ráma í það, að ákærði Garðar hefði beðið sig um skilaboð til ákærða Harðar þess efnis, að ákærði Garðar kæmi aftur innan stundar til að hitta ákærða Hörð.

Vitnið Jens Sigurðsson málarameistari, Bergþórugötu 51, Reykjavík, kom fyrir dóminn 3. þ. m. Jens kvaðst tvisvar hafa farið að bílskúrnum við Stangarholt 26 eftir handtöku ákærða Garðars. Jens kvað erindið hafa verið það að sækja í bílskúrin verkfæratösku, er Jens kvaðst hafa átt þar geymda. Jens kvaðst aldrei hafa séð tölvuvog þá, er fannst við leit í bílskúrnum, og aldrei hafa boðið ákærða Garðari hana til kaups, svo sem ákærði Garðar bar fyrir dómnum. Jens kvaðst ekki áður hafa séð þá muni, er fundust í bílskúrnum við leit, og vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að Jens kynni að hafa komið mununum þar fyrir í bílskúrnum. Jens kvað rannsóknarlögreglumennina Benedikt H. Benediktsson og Óskar Þór Sigurðsson hafa rætt við sig um ferðir sínar við bílskúrin. Kvaðst Jens hafa hitt ákærða Garðar við Landsbankann við Laugaveg 77 að kvöldi 28. ágúst sl. og ákærði Garðar þá verið á heimleið á reiðhjólí.

Vitnið Símon Sverrir Ragnarsson gullsmiður, Daltúni 34, Kópavogi, kom fyrir dóminn 29. nóvember sl. Símon staðfesti, að á ljósmyndum af skartgripum, er fundust við rannsókn málsins, væru þar allt munir, er stolið hefði verið úr verslun sinni aðfaranótt 29. ágúst sl. Símon kvað muni undir skartgripi, er fundust í ruslakassa í bílskúrnum við Stangarholt 26, alla vera muni, er stolið var úr verslun sinni. Símon benti sérstaklega á lit umbúðanna og kvaðst telja þennan lit hvergi koma fram annars staðar en á umbúðum frá sér, þar sem Símon kvaðst sjálfur flytja umbúðirnar inn. Þá kvað Símon tvískipt hjarta, nánar (sic) stand fyrir skartgripi, er fannst á baklód við Hverfisgötu 18, vera hluta þeirra muna, er stolið var við framangreint innbrot. Símon kvað demantshring, að verðmæti 225.000 kr., hafa verið stolið. Símon kvað strimil, sem komið hafi upp úr afgreiðslukassa í versluninni að morgni 29. ágúst sl., benda til, að fiktað hefði verið við kassann og hann verið opnaður kl. 05.36, svo sem áritun á strimilinn sýnir.

Símon kvaðst hafa fengið aftur mjög lítinn hluta þýfisins. Símon kvaðst hafa fengið greiddar rúmlega 1.760.000 krónur í bætur frá Vátryggingafélagi Íslands og kvaðst þannig hafa framselt félaginu kröfurétt sinn.

Rannsóknarlögreglumennirnir og vitnin Benedikt H. Benediktsson, Kvistalandi 10, Reykjavík, og Óskar Þór Sigurðsson, Breiðvangi 4, Hafnarfirði, komu báðir fyrir dóminn 27. nóvember sl. Báðir staðfestu að hafa rætt við Jens Sigurðsson í rannsókn málsins og eftir að Garðar Ólafsson hefði greint frá því, að hann hefði séð Jens Sigurðsson við bílskúrin við Stangarholt 26. Bæði vitnin kváðu ákærða Garðar hafa verið í gæsluvarð-

haldi, er Jens sást við bílskúrinn, og að hann hefði greint frá því, að hann væri að sækja verkfæratösku í bílskúrinn.

Framburður ákærðu Y og X er rakinn síðar í sambandi við ákæruliði II og III.

## II.

Ákærði Y kom fyrir dóminn 6. nóvember sl. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í þessum ákæruliði og viðurkenndi að hafa tekið við þeim verðmætum, er í ákæru greinir, frá meðákærða Herði, þrátt fyrir það að ákærði vissi, hvernig hann var að hlutunum kominn.

Ákærði kvaðst hafa verið á heimili ákærða Harðar aðfaranótt 29. ágúst sl., er ákærði Hörður kom þar og bað ákærða að koma með sér út, þar sem hann þyrfti að afmá verksummerki eftir innbrot í skartgripaverslunina Laugavegi 5. Ákærði kvaðst hafa haldið þangað með meðákærða Herði, en á leiðinni hefðu þeir hitt meðákærða Garðar og hann komið í verslunina í humátt á eftir þeim félögum. Ákærði kvað meðákærða Hörð hafa greint sér frá því, að þeir meðákærðu Garðar hefðu brotist inn í verslunina þá um nóttina. Ákærði kvaðst ekki vita, hvort ákærði Hörður hefði farið í fleiri innbrot um nóttina, en kvað alla þrjá hafa farið inn í verslunina, og kvaðst ákærði hafa gengið einn hring ásamt meðákærða Garðari, en meðákærði Hörður þurrkað fingraför af einhverjum bökkum. Er út var komið, hefði meðákærði Garðar haldið sína leið, en þeir Hörður farið á heimili meðákærða Harðar, þar sem ákærði kvaðst hafa tekið við verðmætunum, er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst þegar um nóttina hafa farið til Margrétar Sigurbjörnsdóttur, vinkonu sinnar, að Langholtsvegi 51,\* og gefið henni tvo hringi, en daginn eftir kvaðst ákærði hafa afhent meðákærða X alla munina utan framangreinda tvo hringi og einn, er ákærði kvaðst hafa ætlað að halda eftir handa sjálfum sér. Ákærði bar hjá lögreglu, að hann hefði komið í heimsókn á heimili meðákærða Harðar aðfaranótt 29. ágúst og þá frétt, að meðákærðu Hörður og Garðar hefðu farið burtu. Ákærði bar fyrir dómnum, að Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir hefði greint sér frá þessu.

Ákærði Y staðfesti fyrir dómnum lögregluskýrslu frá 9. september sl., þar sem hann greindi m. a. frá því, að annaðhvort áður en haldið var inn í skartgripaverslunina eða er út var komið, hefði hann séð meðákærða Garðar þurrka með hönskum sínum af bláleitu klaufjárnri, og hefði liturinn verið farinn að mást af klaufjárninu. Þá kvað ákærði Y meðákærða Garðar hafa haft til umráða reiðhjól, sem á hefðu verið tvær bláar reiðhjólalötöskur.

Vísað er til framburðar ákærða Harðar hér að framan um þennan ákæruliði.

Ákærði X kom fyrir dóminn 6. nóvember sl. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru og viðurkenndi að hafa tekið við öllu því þýfi frá meðákærða Y, er talið er upp í ákæru II, utan fimm hringi. Ákærði kvaðst hafa tekið við mununum til geymslu, þrátt fyrir það að ákærði vissi, að um þýfi var að ræða. Ákærði kvað meðákærða Y hafa greint sér frá því, að þýfið væri úr innbroti í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar að Laugavegi 5, en þar hefðu meðákærðu Garðar og Hörður brotist inn og meðákærði Y farið þangað síðar. Ákærði kvaðst hafa geymt þýfið í kjallara á heimili sínu, en síðan brætt gullið og úr því orðið gullklumpur sá, er fram kemur á ljósmyndum, er fylgja gögnum málsins.

### *Niðurstöður.*

#### I.1.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða Harðar og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi báðir farið inn í skrifstofur Lögfræðiskrifstofunnar sf., Garðastræti 17, á þeim tíma, er í ákæru greinir. Ákærði Hörður hefur borið því í mót að hafa stolið þeim verðmætum, er í ákæru greinir. Dómurinn telur sannað með framburði ákærða Harðar, sem studdur er öðrum gögnum málsins, svo sem samanburðarrannsókn lögreglu á förum á skápluta annars vegar og förum eftir klaufjárn það, er fannst í bílskúrnum við Stangarholt 26 4. september sl., hins vegar, að ákærðu hafi í sameiningu reynt að rjúfa peningaskáp þarna á vettvangi. Dómurinn telur því með vísan til alls þessa svo og til þess, að ákærðu brutust sameiginlega inn á öðrum stað síðar þessa sömu nótt, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti sannað þrátt fyrir neitun ákærða Garðars og að hluta gegn neitun ákærða Harðar, að ákærðu hafi framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

#### I.2.

Ákærði Garðar hefur staðfastlega neitað að hafa átt aðild að innbroti því, er hér er ákært út af. Ákærði Garðar hefur enga grein gert fyrir munum, er fundust í bílskúrnum við heimili hans að Stangarholti 26 hinn 3. og 4. september sl., en hluta munanna var stolið úr skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar. Framburður ákærða Garðars þess efnis, að Jens Sigurðsson kynni að hafa komið munum þarna fyrir, er algerlega úr lausu lofti gripinn, en Jens Sigurðsson sást tvisvar við bílskúrinn, meðan ákærði Garðar sætti gæsluvarðhaldi, en lögreglan lagði hald á munina í bílskúrnum sama dag og ákærði Garðar var handtekinn, 3. september sl., og síðan daginn eftir, 4. september. Ákærði Garðar kannaðist ekkert við klaufjárn það, er fannst við leit í bílskúrnum, en við síðustu yfirheyrslu fyrir dómnum kvaðst ákærði Garðar muna eftir ljósbláu klaufjárninu í bílskúrnum, en það hefði verið minna en klaufjárníð, sem lögreglan lagði hald á. Þessi atriði

og mörg önnur, sem rakin hafa verið að framan, og gögn málsins að öðru leyti benda eindregið til þess, að framburður ákærða Garðars sé rangur. Dómurinn telur því framburð ákærða Garðars að engu hafandi og neitun hans í algeru ósamræmi við framburð annarra í málinu, svo sem rakið var, og ekki í samræmi við þau sýnilegu sönnunargögn, sem hér er við að styðjast. Dómurinn telur því með vísan til alls ofanritaðs og gagna málsins að öðru leyti sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærðu brutust því inn í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5, Reykjavík, aðfaranótt 29. ágúst sl. og stálu þar skartgripum, að verðmæti samtals 1.762.040 kr., útstillingarstöndum, 14 g af hvítagulli, 22 g af gulli og tölvuvog.

Brot ákærðu Garðars og Harðar í ákæruliðum I 1 og I 2 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

— — —

Ákærði Garðar hefur frá árinu 1981 hlotið 16 refsíðoma fyrir brot gegn 120., 155., 157., 244. og 259. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn umferðarlögum. Þá hlaut ákærði eins árs og tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi, upp kveðnum í Nordhorn í Þýskalandi í janúar 1989, fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf þar í landi. Ákærði Garðar hefur verið dæmdur samtals til meira en sex ára óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Ákærði Garðar hefur frá árinu 1981 gengist undir tíu dómsáttir fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum, lögum um skotvopn og sprengiefni, fíkniefnalöggjöfinni og gegn 244., 256. og 259. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hlaut síðast dóm í september sl., 30 daga varðhald fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði hlaut 21. apríl sl. reynslulausn í tvö ár á 310 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar. Ákærði hefur með brotum þeim, er hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilyrði reynslulausnarinnar, og er hún nú tekin upp og metin sem skilorðsdómur og dæmd með máli þessu, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Garðars er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Hörður hefur frá árinu 1980 hlotið 17 refsíðoma fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 244., 248. og 259. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði Hörður hefur með þessum dómum verið dæmdur til tveggja ára og átta mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og 90 daga óskilorðsbundins varðhalds. Þá hefur ákærði Hörður gengist undir níu dómsáttir frá árinu 1980 fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum, fíkniefnalöggjöfinni og gegn 259. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Harðar er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Brot ákærðu Garðars og Harðar eru stórfelld. Þeir eru báðir vana-afbrotamenn, og við ákvörðun refsingar þeirra beggja er höfð hliðsjón af 255., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, auk 77. gr. varðandi báða, en einnig 78. gr. varðandi ákærða Garðar, svo sem rakið var að framan. Refsing ákærða Garðars þykir því hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö og hálf t.ár og refsing ákærða Harðar fangelsi í eitt og hálf t.ár. Til frádráttar refsingu ákærða Garðars komi 44 daga gæsluvarðhald, er hann sætti frá kl. 14.42 4. september sl. til kl. 16.40 17. október sl., og frá refsivist ákærða Harðar dregst níu daga gæsluvarðhald hans frá kl. 15.25 3. september sl. til kl. 15.30 12. september sl.

— — —  
 Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsvistar varðandi alla ákærðu vísast til 76. gr. almennra hegningarlaga.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa gert bótakröfu vegna háttsemi ákærðu Garðars og Harðar í ákærulið I 1. Krafa félagsins er að fjárhæð 300.000 kr. og er vegna hifingar við að fjarlægja ónýtan peningaskáp, vinnu við gluggaumbúnað og kostnaðar við kaup á nýjum peningaskáp. Báðir ákærðu hafa hafnað bótakröfu þessari. Þótt hluti bótakröfunnar sé áætlað tjón, telur dómurinn allt að einu unnt að leggja á kröfuna efnisdóm. Með vísan til þess, er rakið var í niðurstöðu við ákærulið I 1, telur dómurinn, að ákærðu beri jafna ábyrgð á skemmdum, er urðu við innbrotið, og eru þeir því dæmdir til að greiða félaginu óskipt 300.000 kr., en engin vaxtakrafa var gerð.

Vátryggingafélag Íslands hf. hefur krafist greiðslu bóta, að fjárhæð 1.766.074 kr., vegna skartgripa, er stolið var í innbrotinu, í ákærulið I 2, en að frádregnu verðmæti muna, er komust til skila, svo og fyrir tjón, er varð á húseigninni. Þá er krafist hæstu leyfilegra vaxta frá 23. september sl. Ákærði Hörður hefur lýst sig reiðubúinn að greiða ásamt meðákærða fyrir tjón á húseigninni Laugavegi 5 svo og bætur vegna hugsanlegra skemmda á munum þeim, er ákærði kvaðst hafa stolið, en komust til skila, komi fram slík krafa. Ákærði vísaði kröfunni á bug að öðru leyti. Ákærði Garðar hefur vísað kröfunni á bug.

Dómurinn telur ákærðu bera jafna ábyrgð á tjóni því, er þeir ollu með innbrotinu, samkvæmt ákærulið I 2, og gildir það jafnt um skemmdir á húseigninni sem um andvirði þýfis, er ekki hefur komist til skila, en það er að verðmæti 1.723.804 kr. Þá er tjón á húseigninni metið á 42.270 kr. eða samtals 1.766.074 kr. Svo sem rakið var að framan, létu ákærðu greipar sópa í versluninni og fylltu sameiginlega tvær reiðhjólátöskur af skartgripum, og eru engin efni til að skipta sök ákærðu og þeir dæmdir til að greiða óskipt Vátryggingafélagi Íslands hf. 1.766.074 kr. með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

2019

Ákærði Garðar greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Hörður greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

— — —

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu Garðar og Hörður óskipt að 9/10 hlutum, en ákærðu Y og X óskipt að 1/10 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði Garðar Garðarsson sæti fangelsi í 2½ ár.

Ákærði Hörður Karlsson sæti fangelsi í 1½ ár.

Ákærði Y sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 60 daga.

Frá refsivist ákærða Garðars dregst 44 daga gæsluvarðhald, og frá refsivist hvers hinna þriggja ákærðu fyrir sig dregst níu daga gæsluvarðhald viðkomandi.

Ákærðu Garðar og Hörður greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur óskipt:

1. Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, 300.000 kr.

2. Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 5, Reykjavík, 1.766.074 kr. auk dráttarvaxta frá 23. september 1991 til greiðsludags.

Ákærði Garðar greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Hörður greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

— — —

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið greiði ákærðu Garðar og Hörður óskipt að 9/10 hlutum, en ákærðu Y og X greiði óskipt 1/10 hluta.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. febrúar 1992.**

Ár 1992, þriðjudaginn 25. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 82/1992: Ákærvaldið gegn Garðari Garðarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 10. febrúar 1992, á hendur ákærða, Garðari Garðarssyni, Stangarholti 26, Reykjavík, kt. 100165-4499, „fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 14. janúar 1992,

sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni LT-229 um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði akstur hans á Fálkabakka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

*Málavextir.*

— — —

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1983 verið dæmdur til átta ára og ellefu mánaða óskilorðsbundinnar refsivistar fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hlaut ákærði eins árs og tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi, upp kveðnum í Nordhorn í Þýskalandi í janúar 1989, fyrir brot gegn fíkniefnalögum. Enn fremur hefur ákærði frá árinu 1981 gengist undir tíu dóm-sáttir fyrir brot gegn umferðarlögum, almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni og eina sátt vegna brota á tollalögum og lögum um skotvopn og sprengiefni.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Garðar Garðarsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

---